

BREYTINGAR Á DREIFIKERFI RAFMAGNS UM HELLISHEIÐI  
LÖGBERGSLÍNA



## FRAMKVÆMDALEYFI

Með tilvisan í neðangreind gögn og 11. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 er Veitum ohf. hér með veitt framkvæmdaleyfi fyrir lagningu 11 kV rafstrengs, Lögbergslínu, nærri Suðurlandsvegi um Hellisheiði.

Framkvæmdalýsing: Veitur áætla að taka niður 11 kV loftlínu sem liggur norðan við Suðurlandsveg frá Hellisheiðavirkjun niður að tengivirkni á Hólmsheiði. Þessi loftlína er komin til ára sinna og hefur bilað reglulega síðustu ár. Í staðinn er áætlað að plægja 11 kV jarðstreng ásamt ljósleiðara og jarðvír frá Lögbergsbrekku sunnan við Suðurlandsveg að malarnámum í Prengslum. Á leiðinni verða settar upp níu dreifistöðvar til rafmagnsfæðingar við hús og búnað á leiðinni. Ætlunin er að plægja strenginn sunnan við Suðurlandsveg í gamla þjóðvegginn þannig að rask á landi verði í lágmarki. Strengurinn verður með tengimöguleika við Hellisheiðavirkjun í gegnum borholur sem staðsettar eru við Prengslaveg.

Framkvæmd skal unnin í samræmi við fyrirliggjandi framkvæmdalýsingu og hönnunargögn sem tilgreind eru í leyfi þessu.

Tryggt skal að aðgengi að skóla- og sumarhúsabyggð í Lækjarbotnum verði ótrufluð á framkvæmdatíma.

Eftirlitsaðili ofangreindra framkvæmda f.h. leyfisveitanda er Stefán L. Stefánsson, deildastjóri framkvæmdadeilda á Umhverfissviði og skal hann tilkynna leyfisveitanda skriflega um breytingar á framkvæmdinni miðað við þau hönnunargögn sem tilgreind eru hér að neðan.

Umrætt framkvæmdasvæði er að mestu innan marka vatnsverndar. Því er mikilvægt að framkvæmdin öll sé unnin í góðu samstarfi við viðkomandi heilbrigðiseftirlit. Skal framkvæmdaaðili funda með fulltrúum þeirra áður en framkvæmdir hefjast til að yfirfara verklag við mengunarvarnir m.a. vegna hugsanlegra mengunaróhappa.

Ef merki finnast um fornleifar við framkvæmdina, sem áður voru óþekktar, skal eftirlitsaðili framkvæmda stöðva framkvæmdir og greina Minjastofnun Íslands frá fundinum. Ekki má hefja framkvæmdir að nýju fyrr en ákvörðun Minjastofnunar liggur fyrir um hvort verkið megi halda áfram og þá með hvaða skilyrðum.

Framkvæmdaleyfi þetta var samþykkt í skipulagsráði Kópavogs 6. september 2021 og í bæjarstjórn Kópavogs 14. september 2021.

Áætlað er að framkvæmdum ljúki í desember 2021. Framkvæmdaleyfi þetta fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan tólf mánaða sbr. 1. máisl. 15. gr. skipulagslag að útgáfu framkvæmdaleyfisins.

Kópavogi 28. október 2021

f.h. Umhverfissviðs Kópavogsbæjar

Auður D. Kristinsdóttir, skipulagsfulltrúi

Framkvæmdaleyfi þetta er grundvallað á eftirtöldum gögnum:

Gögn	Ábyrgð	Dagsetning
Beiðni Verkís fyrir hönd Veitna um framkvæmdaleyfi fyrir breytingum á dreifikerfi rafmagns um Hellisheiði ásamt framkvæmdarlýsingu.	Veitur	25. júní 2021
Uppdrættir skv. afhendingarseðli dags. 29. júní 2021. (21144-150.VRK.0001-0011-A)	Verkís/Veitur	Drög dags. 25. júní 2021
Álit Skipulagsstofnunar um matsskyldu.	Veitur/Skipulagstofnun	15. júní 2021
Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.	Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis.	1. september 2021
Samþykki forsætisráðuneytis um framkvæmdir innan þjóðlendu.	Forsætisráðuneytið	4. júlí 2021
Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.	Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.	2015
Aðalskipulag Kópavogsþær 2012-2024	Kópavogsþær	24. febrúar 2014.
Samþykkt Aðalskipulag Kópavogsþær 2109-2040.	Kópavogsþær	Óstaðfest.